



Minningarathöfn um þá sem fórust í hryðjuverkaárásunum í París á föstudag var haldin í Notre Dame-kirkjunni í París í gær. Þúsundir manna komu saman fyrir framan kirkjuna á meðan athöfnin fór fram. hryðjuverkaárásin á París er sú mannskæðasta síðan árás var gerð á Madrid árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Frakkar ráðast á vígi Íslamska ríkisins

Innanríkisráðherra Frakka segir hryðjuverkin í París hafa verið undirbúin utan Frakklands. Árásarmennirnir voru með bækistöðvar sínar í Belgíu. Francois Hollande, forseti Frakklands, heitir miskunnarlausum hefndum. Frakkar gerðu í gær loftárásir á Sýrland.

**FRAKKLAND** Franski herinn gerði í gær loftárásir á borgina Rakka í Sýrlandi, þar sem vígamenn Íslamska ríkisins hafa haft höfuðstöðvar sínar. Franska varnarmálaráðuneytið skýrði frá þessu. Þá hertu Bandaríkjamenn einnig loftárásir sínar á svæði Íslamska ríkisins í Sýrlandi.

Innanríkisráðherra Frakklands, Bernard Cazeneuve, sagði hryðjuverkaárásirnar í París síðastliðið föstudagskvöld hafa verið skipulagð-

ar utan Frakklands. 132 hið minnsta féllu í árásunum og 350 særðust.

„Rannsókn á málinu mun leiða í ljós að árásirnar voru undirbúin utan landsins af hóp hryðjuverkamanna staðsettum í Belgíu sem vann náð með vitorðsmönnum í Frakklandi,“ sagði Cazeneuve í ávarpi sínu eftir fund með Jan Jambon, belgískum starfsbróður sínum. „Það er mikil þörf á samstarfi Frakka og Belga. Þeir sem unnu að árásunum

frá Belgíu voru frönskum yfirvöldum ekki kunnir,“ sagði Cazeneuve.

Francois Hollande Frakklandsforseti mun fara fram á framlengingu neyðarástands í landinu, en hann lýsti yfir neyðarástandi á föstudag. Fréttastofa AFP greinir frá því að forsetinn muni fara fram á þriggja mánaða neyðarástand hið minnsta en samþykki þingsins þarf fyrir lengra tímabili en tólf dögum.

Hollande fullyrti á laugardaginn

á Íslamska ríkið stæði að baki árásunum og lýstu samtökin yfir ábyrgð sinni á þeim í kjölfarið.

Forsetinn sagði árásirnar stríðs-yfirlýsingu og lofaði miskunnarlausum hefndum.

Talið er að átta skæruliðar hafi verið að verki á föstudagskvöld en lögregluyfirvöld í París hafa staðfest að sjö þeirra séu dánir. Sex sprengdu sig í loft upp en lögregla skaut þann sjöunda til bana.

Lögregla leitaði logandi ljósi að þeim átta átti á gær. Lýst var eftir manni sem heitir Salah Abdeslam, hann handtekinn en síðan sleppt að loknum yfirheyrslum.

Þjóðarsorg var lýst yfir í Frakklandi og markaðist helgin af mikilli sorg. Verslanir, opinberar byggingar, ferðamannastaðir og skólar voru lokað um helgina og vígbúnir lögreglumenn voru viðs vegar um borgina. – þea / sjá síðu 8

### Yfir 50 prósent vilja aðskilnað

**TRÚMÁL** „Það kemur mér ekki á óvart að meirihlutinn skuli vera hlynntur. Það kemur mér meira á óvart að það skuli ekki vera stærr meirihluti,“ segir Davíð Þór Jónsson héraðsprestur um niðurstöður nýrrar könnunar Fréttablaðsins. Þær sýna að rúmur helmingur þeirra sem afstöðu taka styður aðskilnað ríkis og kirkju, en 45 prósent eru andvíg.

„Af umræðunni í samfélaginu að dæma hefði ég haldið að það væri stærr meirihluti,“ segir Davíð Þór.

Um það bil 2 af hverjum þremur svarendum á aldrinum 18-49 ára styður aðskilnað. Aftur á móti styðja einungis um 43 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri aðskilnað en 57 prósent eru á móti. – jhh / sjá síðu 4

### Fréttablaðið í dag

**SKODUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um illvirkjana sem ræðust handahófskennt á líf ókunnugs og óviðkomandi fólks í París til þess að vekja haturlát á sjálfum sér. **12-13**

**SPORT** Stjarnan varð Norðurlandameistari félagsliða í hóp-fimleikum eftir harða keppni við tvö sænsk félög. **14**

**TÍMAMÓT** Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á afmælisdegi skáldsins Jónasar Hallgrímssonar. **16**

**LÍFID** Unnur Birna og Greta Salome taka höndum saman í tónlistinni. **24-26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
**● FÓLK ● FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Dekk  
Dekk**

Niðsterk dekk sem henta vel í öllum aðstæðum

Dekkin eru öll míkrokorin

Sendum hvert á land sem er Raðgreiðslur í allt að 12 mán

**Burðardekk á góðu verði**

Opja 8-17 mán-föst, 10-14 laugardag.

**Bílastofan**  
Dekkjaverkstæði

Njarðarbraut 11 Reykjanesbæ s. 421 1251 / 861 2319

**Pinex® Smelt**

Munddreifitöflur 250 mg

**Pinex® Smelt**  
Paracetamol 250 mg

**Actavis**

**D-VÍTAMÍN**


frá NOW fyrir börn og fullorðna

**now**  
High Potency  
**Vitamin D-3**  
STRUCTURAL SUPPORT  
2,000 IU  
Helps Maintain Strong Bones  
Supports Overall Health  
120 Softgels  
A Dietary Supplement

**now**

Gæði • Hreinleiki • Virkni

## Veður



Gert er ráð fyrir norðaustan hvassviðri eða stormi, einna hvassast á Vestfjörðum og við suðausturströndina, en mun hægari suðvestan til fram undir kvöld. Þessu fylgir rigning eða slydda og snjócoma til fjalla, en líklega alveg þurr sunnan- og suðvestanlands. Hiti 0 til 5 stig viðast hvar.

sjá síðu 18

## Með hlaðna byssu í flugi

**LÖGREGLUMÁL** „Sjálfur hef ég margitrekad ferðast inn og út af Schengen-svæðinu – í eitt skipti meira að segja með Glock-skammbyssu með 45 skotum í þremur fullhlöðnum magasinum í handfangri,“ skrifadi Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna, á Facebook-síðu sinni. Ummælin skrifar hann við stöðuuppfærslu hjá sér sjálfum þar sem hann deilir frétt af hörmungunum í París á föstudag.



**Snorri Magnússon,**  
formaður Landsambands lögreglumanna

Í 21. grein vopnalaga er sérstaklega tiltekið að sá sem fer með eða notar skotvopn skuli ætíð gæta fyllstu varúðar. Við burð og flutning á skotvopnum milli staða skuli þau vera óhlaðin og í umbúðum. Brot gegn lögum þessum og reglum varða sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

Samgöngustofa hefur umsjón með reglugerð um flugvernd. Í viðauka við reglugerðina er sérstaklega tekið fram að skotvopn til persónulegra nota sem og meðfylgjandi kúlur, högl, örvar o.s.frv. sem samræmast ofangreindum liðum megi einungis flytja sem fragt eða í innrituðum farangri. Vopnin mega ekki vera hlaðin. Ekki náðist í Snorra Magnússon við vinnslu þessarar fréttar þrátt fyrir itrekaðar tilraunir til þess að spyrja hann hvort hann hafi haft einhvers konar leyfi til að flytja hlaðna skammbyssu með þessum hætti.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagðist í kvöldfréttum Stöðvar 2 ekki skilja ummæli Snorra. „Ég held að menn eigi að passa sig á því sem þeir segja og að það sé eftir því tekið þegar ákveðin aðilar taka til máls.“

-kg

## Samverustund í Vídalínskirkju



Ástvina minnst Haldin var samverustund í Vídalínskirkju í gær fyrir vini, skólafélaga og aðstandendur Hauks Freys Agnarssonar og Hjalta Más Baldurssonar sem fórust í flugslysi á Reykjanesi á fimmtudag. Fjölmargir komu til að minnast félagi sinna og sýna aðstandendum hlýhug. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Meistarinn gafst upp

**SKÁK** Magnus Carlsen, heimsmeistari í skák, tefldi sína fyrstu skák á Evrópumóti landsliða í Laugardalshöll í gær gegn Aseranum Levon Aronian. Carlsen gafst upp eftir 44 leiki.

Hannes Hlífar Stefánsson stórmeistari segir að gaman yrði ef íslenska sveitin fengi tækifæri til að tefla við þá norsku.

Hann telur að til séu skákmenn sem geti ógnað veldi Magnusar. „Kannski ekki í Evrópu en aðallega í Kína. Það er kannski meiri ógn þar og í Asíu en hér í Evrópu,“ segir Hannes Hlífar.

Aðalsveit Íslands tefldi við lið Þjóðverja í gær og gamla kempan Friðrik Ólafsson tefldi með gullaldarliði Íslands gegn Tyrklandi. Friðrik var hinn rólegasti eftir fyrsta leik sinn og gekk spekinglega um salinn á meðan mótherji hans frá Tyrklandi svitnaði yfir næsta leik fyrrverandi forseta FIDE. Skákinni lauk með jafntefli.

-hmp / þea

# Þjófur óð í vasa gesta í Áskirkju í miðri útför

Kirkjuvörður í Áskirkju kom að þjófi sem stal úr yfirhöfnum kirkjugesta í útför. Séra Sigurður Jónsson sóknarprestur biðlar til þjófsins að skila þýfinu.

**SAMFÉLAG** „Hann yrði auðvitað maður að meiri ef hann skilaði fengnum. Það er bréfaluga á kirkjunni ef hann vildi smeygja einhverju þar inn,“ segir séra Sigurður Jónsson, prestur í Áskirkju, og biðlar til þjófs að skila veski sem hann stal úr yfirhöfn kirkjugests í útför í síðustu viku.

Þjófurinn athafnaði sig í miðri útför í Áskirkju á miðvikudaginn. Kirkjuvörður kom að ungum manni sem þreifaði utan á yfirhöfnum gesta. Þegar hann spurði manninn hvað hann væri að gera, réðst hann að honum, sló hann í andlitið og tók til fótanna út úr kirkjunni.

„Þetta var á miðvikudaginn var, þá var útför og nokkuð fjölmenn. Þannig var að kirkjuvörðurinn kemur að manni sem er að þreifa á yfirhöfnum, ávarpar hann og spyr hann hvort hann vanti eitthvað. Þá slær hann kirkjuvörðinn högg í andlitið og hleypur út. Það var farið á eftir honum, bæði kirkjuvörðurinn og útfararþjónar. En hann komst undan. Svo kom í ljós að maður saknaði veskis úr yfirhöfn sinni,“ segir séra Sigurður um atburðarásina.

Hann segir lögreglu hafa komið strax á staðinn og tekið skýrslu af þeim sem urðu vitni að þessu. Séra Sigurður segist halda að þjófar fylgist jafnvel með útfarartilkynningum. Aðferðin sé þekkt. „Þetta er býsna langt gengið en maður hefur heyrt áður að þetta sé þekkt aðferð. Það er eins og menn fylgist þá með útfarartilkynningum.“

Honum segist brugðið. Piltinum er lýst sem glæsilegum ungum manni á þritugsaldri. „Þetta var glæsilegur piltur á þri-



Séra Sigurður Jónsson, prestur í Áskirkju, segir þjófinn hafa verið glæsilegan pilt, vel til fara og biðlar til hans að skila þýfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

tugsaldri, vel til fara. Í finni úti- vistarúlpu. Þetta er allt frekar ómurlegt.“

Séra Sigurður segir kirkjugesti þurfa að hafa varann á og geyma ekki mikil verðmæti í yfirhöfnum sínum. „Við verðum bara að læra af þessu og vera með okkar fólk í viðbragðsstöðu auk þess að biðja fólk að geyma ekki mikil verðmæti í yfirhöfnum sínum.“

Hann rifjar upp þjófnad fyrir um áratug í Bústaðakirkju. „Þá var brotin rúða í bíl, þar lá í framsæti hlutur sem líktist fartölvu. Þjófurinn greip hlutinn og lét sig hverfa. Þetta reyndist hins vegar vera biblíu með renndri kápu, hún hefur vonandi orðið honum til góðs.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

Þetta er býsna langt gengið en maður hefur heyrt áður að þetta sé þekkt aðferð. Það er eins og menn fylgist þá með útfarartilkynningum.

Séra Sigurður Jónsson, prestur í Áskirkju

Gildir til 30. nóv. 2015



**15%**

afsláttur af öllum pakkningastærðum af Nicorette Quickmist

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



Pú stóðst á tindi Heklu hámm  
og horfðir yfir landið fríða,  
þar sem um grænar grundir líða  
skínandi ár að ægi blám;  
en Loki bundinn beið í gjótum  
þjargstuddum undir jökulrótum –  
þótti þér ekki Ísland þá  
yfirbragðsmikið til að sjá?

*Jónas Hallgrímsson, úr kvæðinu Til herra Páls Gaimard*

Hekla er nafntogaðasta eldfjall á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Við síendurtekin gos hefur fjallið tekið verulegum breytingum frá því að það hlaut fyrst nafn. Í elstu heimildum er það kallað Heklufell.

Hekla getur merkt kápa eða yfirhöfn. Talið er að fjallið dragi nafn af því að það klæðist hvítri snækápu fyrr en önnur fjöll í nágrenninu og kastar henni síðar af sér að vori.

Kynntu þér söguna á bak við fjölda áhugaverðra ornefna á [ms.is](http://ms.is) í tilefni dags íslenskrar tungu!

**MS er stolt af því að hafa stuðlað að eflingu móðurmálsins  
ásamt Íslenskri málnefnd í rúm 20 ár.**

**Til hamingju með dag íslenskrar tungu!**

# Rætt um tækjabúnað lögreglu á fundi með ríkislögreglustjóra

**SAMFÉLAG** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Ólóf Nordal innanríkisráðherra sátu í gær á fundi með Haraldí Johannessen ríkislögreglustjóra, þar sem farið var yfir hvort breyðast þurfi við hryðjuverkunum í París hér á landi.

„Þetta var fyrst og fremst upplýsingafundur og farið yfir hættumat lögreglu. Eitt af því sem þarf að meta er auðvitað hvort þetta kalli á einhvern hátt á breyttar vinnuáferðir á Íslandi, það er tilefni til að skoða það að minnsta kosti. Við munum gera það í samráði við lögreglu,“ sagði Sig-

mundur Davíð spurður hvort tækjabúnaður og úrræði lögreglu hefðu komið til tals á fundinum.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 sagði Sigmundur Davíð vert að fylgjast með því hvort gera þurfi breytingar á öryggismálum. „Það þarf að kanna það hvort lögreglan á Íslandi hafi þau tæki og úrræði sem hún þarf við þessar aðstæður.“ Þá sagði hann breytta heimsmýnd blasa við.

„Það er ljóst að í nágrannalöndum okkar líta menn svo á að það sé mjög raunveruleg ógn yfirvofandi. Að þetta geti verið upphafið að ein-

hverju sem geti varað árum eða jafnvel áratugum saman. Að við horfum í rauninni fram á breytta heimsmýnd. Þá þurfum við að laga okkur að því þó að aðstæður á Íslandi séu reyndar um margt ólíkar því sem gerist í nágrannalöndunum, við getum ekki leyft okkur að vera værukær.“

Íslensk lögregluþing settu sig í samband við lögreglu í nágrannalöndunum á föstudagskvöld til að meta hvort hætta væri á hryðjuverkum hér á landi. Greiningardeild ríkislögreglustjóra er í samstarfi við erlendar öryggisstofnanir og lög-

reglulið. Má þar helst nefna Europol, Norrænar öryggisstofnanir, bandarísku alríkislögregluna (FBI) og leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA). Greiningardeild er sú deild innan lögreglu sem leggur mat á hættu á hryðjuverkum og innan greiningardeildar er einnig sinnt verkefnum sem áður féllu undir varnarmálastofnun. – kbg

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir fund með ríkislögreglustjóra fyrst og fremst hafa verið til upplýsingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Þjóðin klofin í afstöðu til aðskilnaðar

Rúmlega helmingur svarenda er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju. Ungu fólkið er hlynntara hugmyndinni en þeir eldri. Héraðsprestur bjóst við að stuðningurinn væri meiri. Telur að ríkið standi vörð um trúfrelsi með því að innheimta sóknargjöld fyrir trúfélögin.

**TRÚMÁL** „Það kemur mér ekki á óvart að meirihlutinn skuli vera hlynntur. Það kemur mér meira á óvart að það skuli ekki vera stærri meirihluti,“ segir Davíð Þór Jónsson, héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi, um niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins varðandi aðskilnað ríkis og kirkju.

Niðurstöðurnar könnunarinnar, sem gerð var dagana 10. og 11. nóvember, sýna að tæplega helmingur Íslendinga, eða 48 prósent, styður aðskilnað ríkis og kirkju, 39 prósent eru andvígir, 12 prósent óákveðnir og 2 prósent svara ekki. Þegar einungis er horft til svara þeirra sem afstöðu tóku eru 55 prósent hlynntir aðskilnaði en 45 prósent andvíg.

Um það bil 2 af hverjum þremur svarendum á aldrinum 18-49 styður aðskilnað. Aftur á móti styðja einungis um 43 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri aðskilnað en 57 prósent eru á móti. Karlar eru heldur hlynntari aðskilnaði en konur.

Davíð Þór segir að niðurstaðan segi sér að fólkið sem sé hlynnt aðskilnaði láti meira í sér heyra en hitt. „Af umræðunni í samfélaginu að dæma hefði ég haldið að það væri stærri meirihluti,“ segir Davíð Þór.

Davíð segist ekki vera alveg viss um það hvor allir séu með það á hreinu hvað þeir meina með aðskilnaði ríkis og kirkju. Á Íslandi hafi verið sett lög árið 1997 sem byggðu á sænskum lögum um aðskilnað ríkis og kirkju. Þó sé hægt að ganga lengra í aðskilnaðinum. Það séu ekki tengslin við ríkið sem geri kirkjunna að þjóðkirkju heldur það að kirkjan sé

allrar þjóðarinnar og eigi að höfða til allrar þjóðarinnar. „Hún myndi halda áfram að vera þjóðkirkja þó að tengsl hennar við ríkið væru alveg klippt.“

Davíð segir að það hafi komið sér verulega á óvart að í þjóðar- atkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá hafi afgerandi meirihluti þeirra sem atkvæði greiddu viljað hafa ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskránni. „Sjálfr greiddi ég atkvæði gegn því og hefði viljað frekar sjá ákvæði um að ríkinu bæri að standa vörð um trúfrelsi frekar en eitthvert eitt trúfélag.“ Davíð Þór segir alveg ljóst af þessum niðurstöðum að þjóðkirkjan eigi enn, þrátt fyrir tal um annað, mjög ríkan sess í hjörtum þjóðarinnar og þjóðarvitund, þótt þessi vitund fari dvinandi. „Það er bara eitthvað sem við verðum að umfaðma og vera viðbúin,“ segir Davíð.

Þetta þýði ekki endilega að ríkið þurfi að hætta þeirri þjónustu að annast innheimtu sóknargjalda. „Ríki gera það víðar,“ segir Davíð Þór og bendir á að ríkið geri það fyrir fleiri trúfélög en hina evangélísku lúthersku kirkju. „Það finnst mér vera til fyrirmyndar og það er framlag ríkisins til að standa vörð um trúfrelsi. Vegna þess að það er ekkert víst að öll trúfélög hafi burði eða umsvif til að annast þetta sjálf,“ segir hann.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.214 manns þar til náðist í 799 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 10. og 11. nóvember. Svarhlutfallið var 65,8 prósent. Spurt var: Styður þú aðskilnað ríkis og kirkju og svarmöguleikarnir voru tveir, já og nei. jonhakon@frettabladid.is

●● Það kemur mér ekki á óvart að meirihlutinn skuli vera hlynntur. Það kemur mér meira á óvart að það skuli ekki vera stærri meirihluti. Af umræðunni að dæma hefði ég haldið að það væri stærri meirihluti.




●● Hún myndi halda áfram að vera þjóðkirkja þó að tengsl hennar við ríkið væru alveg klippt.

Davíð Þór Jónsson, héraðsprestur

» Um það bil 2 af hverjum þremur svarendum á aldrinum 18-49 styðja aðskilnað ríkis og kirkju.

## Vilt þú aðskilnað ríkis og kirkju?



FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓ

Skelltu þér á skíði

# Skíði

2. janúar í 7 nætur

Frá kr. **104.900** m/hálfa fæði

**SÉRTILBOÐ**

**Skihótel Speiereck**  
Netverð á mann frá kr. 104.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.  
Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

Heimsferðir


## Hryðjuverk í brennidepli kappræðna

**BANDARÍKIN** Hryðjuverkaárásirnar í París síðastliðið föstudagskvöld voru í brennidepli í kappræðum þeirra sem sækjast eftir útnefningu Demókrataflokks Bandaríkjanna til forsetaframbóðs aðfaranótt sunnudags. Kappræðurnar hófust á mínútu þögn.

Frambjóðendurnir Bernie Sanders, Martin O'Malley og Hillary Clinton voru spurð út í hvernig þau myndu takast á við ástandið í Mið-Austurlöndum og Íslamska ríkið (ISIS).

„Það er ekki hægt að halda Íslamska ríkinu í skefjum heldur verður að sigr það,“ sagði Clinton. Þá kölluðu allir frambjóðendur eftir þátttöku ríkja Mið-Austurlanda í stríðinu gegn Íslamska ríkinu.

„Hin misheppnaða innrás í Írak, sem ég talaði gegn, hefur leyst úr læðingi öfl á borð við al-Kaída og Íslamska ríkið,“ sagði Sanders. Aðspurður hvort hann væri að tengja atkvæði Clinton, sem kaus



Vel fór á með Sanders og Clinton eftir kappræðurnar. NORDICPHOTOS/AFP

með því að ráðast inn í Írak, við uppgang Íslamska ríkisins svaraði Sanders: „Innrásin var ein stærstu mistök í sögu utanríkisstefnu Bandaríkjanna.“

Clinton sagði í kjölfarið að atkvæði hennar hefði verið mistök. Umtöluðustu ummælin féllu hins vegar um önnur hryðjuverk. Er Sanders og O'Malley skutu á Clinton fyrir að þiggja háa styrki í kosningasjóð sinn frá stórfyrirtækjum á Wall Street sagði hún

» Stjórnmalaskýrendur vestanhafs eru ósammála um sigurvegara. Óvísindalegar kannanir á netinu benda til sigurs Sanders.


stuðning þeirra ekki tilkominn svo fyrirtækin gætu keypt sér greiða ef hún yrði forseti heldur vegna þess að hún hefði hjálpað fyrirtækjunum með uppbyggingu í kjölfar árasanna á Tvíburaturnana ellefta september 2001.

Andstæðingar Clinton gerðu sér mat úr ummælunum og sagði Reince Priebus, formaður Repúblikanaflokksins, þau lágkúrleg.

Stjórnmalaskýrendur vestanhafs eru ósammála um sigurvegara. Niðurstöður óvísindalegra skoðanakannanna á netinu bentu hins vegar til sigurs Sanders. Clinton mælist með 52 prósent fylgi í nýjustu skoðanakönnun, Sanders 33 prósent og O'Malley fimm prósent. – þea

# ALLT Í VETRARLAGI

með ókeypis 10 punkta mati hjá þjónustuaðilum  
 Toyota á Íslandi í nóvember



## 12 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land

Fáðu ókeypis tíu punkta yfirferð hjá þjónustuaðilum Toyota og láttu okkur fara yfir ljósin, prófa rafgeyminn, athuga þurrkur, rúðuvökva, viftureim og stýrisreim, mæla olíu og frostþol kælivökva, smyrja lamir og læsingar, setja sílíkon á þéttikanta og skoða smurbókina í leiðinni.

### 20% afsláttur

af rúðupurrkublöðum, þurrkugúmmíi og bílaperum.

### 15% afsláttur

af Optifit rafgeymum.

## Engin vandamál - bara lausnir

Toyota Kaupúni  
 Toyota Akureyri  
 Toyota Selfossi  
 Toyota Reykjanesbæ  
 Arctic Trucks  
 Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur  
 Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur  
 Nethamar  
 Bílatangi  
 Bifreiðaverkstæði KS  
 Bílaleiga Húsavíkur  
 Bílaverkstæði Austurlands  
 Bílageirinn

Kaupúni 6  
 Baldursnesi 1  
 Fossnesi 14  
 Njarðarbraut 19  
 Kletthálsi 3  
 Bæjarflöt 13  
 Skemmuvegi 16  
 Garðavegi 15  
 Suðurgötu 9  
 Hesteyri 2  
 Garðarsbraut 66  
 Miðási 2  
 Grófinni 14a

Garðabæ  
 Akureyri  
 Selfossi  
 Reykjanesbæ  
 Reykjavík  
 Reykjavík  
 Kópavogi  
 Vestmannaeyjum  
 Ísafirði  
 Sauðárkróki  
 Húsavík  
 Egilsstöðum  
 Reykjanesbæ

570 5070  
 460 4300  
 480 8000  
 420 6610  
 540 4900  
 440 8000  
 440 8000  
 481 1216  
 456 4580  
 455 4570  
 464 1888  
 470 5070  
 421 6901

## Bókaðu tíma

Þriggja ára ábyrgð  
 á Toyota-rafgeymum

## Byrjar þegnskylduvinnu

**SUÐUR-AFRÍKA** Spretthlauparinn Oscar Pistorius er byrjaður að sinna samfélagsþjónustu. Hann mætti á lögreglustöð á laugardaginn til þess að fá fyrirmæli um hvernig vinnunni skyldi háttað. Það var í fyrsta sinn sem Pistorius sást opinberlega eftir að hann var látinn laus úr fangelsi fyrir mánuði.

Pistorius var fundinn sekur um að hafa orðið unnustu sinni, Reevu Steenkamp, að bana árið 2013. Samhliða samfélagsþjónustunni verður Pistorius í stofufangelsi á heimili frænda síns í bænum Pretoria. Hann



Oscar Pistorius

má ekki yfirgefa heimilið nema í sérstökum tilfellum, til dæmis til þess að sækja kirkju eða sinna samfélagsþjónustunni.

Pistorius var ekki dæmdur fyrir morð að yfirlögðu ráði og hlaut því einungis fimm ára dóm. Saksóknarar hafa áfrýjað dómnum og vilja þyngrri refsingu. – jhh

## G20-leiðtogar hittust í Antalya



**Fundað í Tyrklandi** Leiðtogafundur tuttugu helstu iðnvelda heims hófst í gær í Antalya í Tyrklandi. Barack Obama Bandaríkjaforseti heilsar kanslara Þýskalands, Angelu Merkel og Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta, við upphaf fundarins. Til umræðu var flóttamannavandinn, hlýnun jarðar og hryðjuverkaögn í kjölfar voðaverkanna í París. Mikil öryggisgæsla er á fundarstaðnum í Antalya en á laugardag sprengdi vígamaður, sem talinn er hafa tengsl við Íslamska ríkið, sig upp í Suðaustur-Tyrklandi, nærri landamærum Sýrlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**nicorette®**

Fæst í næsta apóteki

## Telja að Ístex sitji að milljónatuga ríkisstyrk

Ríkisstyrkir vegna ullarkaupa eru gagnrýndir í nýrri skýrslu um sauðfjárrækt. Skilyrði fyrir styrkjum eru sögð þröng og í raun sérsniðin fyrir eitt fyrirtæki, Ístex. Fyrirtækið hefur fengið tæplega 200 milljónir frá ríkinu síðustu þrjú árin.

**LANDBÚNAÐUR** Ríkisstuðningur sem fyrirtækið Ístex hefur fengið fyrir að safna ull frá sauðfjábændum er gagnrýndur í nýrri skýrslu um sauðfjárræktarsamninginn. Styrkir til Ístex frá ríkinu hafa numið tæplega 200 milljónum króna á árunum 2013 til 2015. Upphæðin nemur 15% af þeim styrkjum sem ríkið úthlutar vegna ullarnýtingar, um 440 milljónum króna á fjárlögum þessa árs.

Styrkirnir eru auglýstir til umsóknar einu sinni á ári en skilyrðin fyrir veitingu þeirra eru sögð svo þröng að það gefi ástæðu til að álykta að þau séu beinlínis ætluð til að halda öðrum frá en Ístex. Til að eiga möguleika á styrknum þarf fyrirtækið að bjóðast til að kaupa alla ull af íslenskum sauðfjábændum, þvo að lágmarki 30 prósent hennar hér á landi og búa til úr þeim hluta band eða lopa. „Nýtt fyrirtæki þyrfti t.d. að hafa aðgang að ullarþvottastöð hérlendis en ein er starfandi og er í eigu Ístex,“ segir í skýrslunni sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri vann fyrir atvinnuvegaráðuneytið.

Guðjón Kristinnsson, framkvæmdastjóri Ístex, segir bændur ekki skylduga til að selja fyrirtækinu ull. Þá geti hver sem er komið sér upp sömu tölum og tækjum og Ístex. „Ef þú kemur þér upp aðstöðu til þess að vinna úr ullinni þá getur



Ístex vinnur nær alla ull sem fæst af sauðfé hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hver sem er gert það,“ segir Guðjón. Hann segir tilgang fyrirkomulagsins hafa vera að tryggja að ullariðnaðurinn fái nýtilegt hráefni.

Ístex er eina fyrirtækið sem sótt hefur um styrkinn frá því að núverandi fyrirkomulagi var komið á árið 2013. Í skýrslunni er bent á að ekki sé hægt að útiloka að önnur fyrirtæki hafi áhuga á að taka við ull frá bændum á hluta landsins og vinna hana hér á landi eða flytja úr landi til vinnslu.

Í skýrslunni er lagt til að ríkið styrki bændur beint og þeir selji afurðir sínar svo á markaði. Því fé sem nú renni til Ístex mætti bæta við stuðninginn til bænda. Þetta

**Ef þú kemur þér upp aðstöðu til þess að vinna úr ullinni þá getur hver sem er gert það.**

Guðjón Kristinnsson, framkvæmdastjóri Ístex



hugnast Guðjóni illa. „Stuðningurinn þarf að fara eftir þeim gæðum sem bóndinn skilar. Ef þeir eiga að fá ríkisstuðning vegna ullarviðskipta óháð gæðum þá segir það sig sjálft að það myndi enginn hugsa um gæðin lengur,“ segir hann. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

**LS**

**Verðtryggð skuldabréf  
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS151155**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 13. nóvember 2015 vegna tóku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

Skuldabréfin eru verðtryggð með jöfnum afborgunum. Bréfin bera fasta 2,50% ársvexti sem greiddir eru hálfárslega, 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 2016 og í síðasta sinn 15. nóvember 2055.

Fyrsta afborgun höfuðstóls er 15. nóvember 2020. Bréfin eru uppgreiðanleg 15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045 skv. skilmálum sem getið er í grunnlýsingu.

Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS151155 og ISIN númer IS0000026383.

Reykjavík, 16. nóvember 2015.  
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

# TAX FREE

# DAGAR



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT\*  
AF SNYRTIVÖRUM, LEIKFÖNGUM,  
BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI,  
GJAFAVÖRU OG GARNI  
DAGANA 12.-16. NÓVEMBER

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla



**Audi A5**  
2.0T Quattro

2013 **7.990.000** KR



**Skoda Octavia RS**  
2.0 TSI

2015 **5.590.000** KR



**VW Polo**  
Trendline 1.2 TDI

2013 **1.890.000** KR



**VW Golf**  
Trendline 1.4 TSI AT

2011 **1.880.000** KR



**Skoda Rapid**  
Spaceback 1.2 TDI

2014 **2.550.000** KR



**Skoda Yeti**  
TDI

2015 **4.890.000** KR



Fólk kom saman fyrir framan kaffihúsið Bonne Biere í gær til þess að minnst þeirra sem féllu í árásum í París á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## FBI aðstoðar í París

Bandaríska alríkislögreglan mun aðstoða við rannsókn á hryðjuverkunum í París. Minnst 132 féllu og 350 særðust þegar vígamenn Íslamska ríkisins réðust á borgina á föstudagskvöld. Mannskæðasta árás í Evrópu síðan í Madrid 2004.

**FRAKKLAND** Alríkislögregla Bandaríkjanna (FBI) mun senda rannsakendur til Parísarborgar í þeim tilgangi að aðstoða við rannsókn á hryðjuverkaárásum sem dundu á borginni á föstudagskvöld. Frá þessu greinir fréttastofa New York Times.

Rannsakendurnir sem sendir verða sérhæfa sig í að endurheimta upplýsingar úr farsímum og tölvum. Þar að auki munu útsendararnir miðla öllum upplýsingum um árásirnar heim til Bandaríkjanna, sér í lagi til að kanna hvort árásmenn hafi tengsl við Bandaríkin.

Að minnsta kosti 129 féllu í árásum og 350 særðust. Í gærkvöld voru enn 42 á gjörgæslu. Stærstur hluti hinna föllnu var myrtur í árás sem gerð var á tónleikahöllina Bataclan þar sem hljómsveitin Eagles of Death Metal hélt tónleika fyrir um 1.500 gesti. Á miðjum tónleikum réðust vígamenn inn og hófu skotárás. Tónleikagestir voru teknir í gíslingu og teknir af lífi, einn í einu. Lögregla réðst inn nokkru seinna og sprengdu þrjú árásmannanna sig í loft upp inni í húsinu.

Einnig réðust árásmenn að kaffihúsum og veitingastöðum í nágrenninu og féllu 38 í þeim árásum hið minnsta.

Þá féllu þrjú í tveimur sjálfsmorðsárásum nærri Stade de France þar sem karlalandslið Frakka og Þjóðverja spiluðu vináttulandsleik í knattspyrnu. Francois Hollande Frakklandsforseti var viðstaddur leikinn en var fluttur á brott í flýti um leið og tíðindi af árásum bárust. Síðar um kvöldið lýsti hann yfir neyðarástandi

í Frakklandi og lokaði landamærum landsins í fyrsta sinn frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Íslamska ríkið (ISIS) hefur lýst yfir ábyrgð á árásum sem eru þær mannskæðustu í Evrópu frá því 191 lést í hryðjuverkaárásum á Madrid árið 2004.

Þrjú rifflar af gerðinni Kalashnikov, sömu tegund og notuð var í árásum, fundust í svartri Seat-bifreið í París í gær. Bifreiðin var flóttabíll árásmannanna sem skutu á gesti veitingastaða í borginni.

Þá handtók belgíska lögreglan sjö einstaklinga. Einn þeirra var bendlaður við leigu á Volkswagen Polo sem árásmennirnir í Bataclan höfðu notað. Lögreglan sagði enn fremur að tveir þeirra árásmanna sem sviptu sig lífi hafi búið í höfuðborg Belgíu,

Brussel. Auk þess var fjölskylda eins árásmanna færð í gæsluvarðhald.

Lögregla í París nafngreindi einn árásmanna í gær, Ismael Omar Mos-tefaï, 29 ára franskann ríkisborgara sem bjó suðvestur af París.

Talið er að árásmenn hafi verið átta talsins. Sjö féllu á föstudagskvöld en einn þeirra komst lífs af. Lýst var eftir manni að nafni Abdeslam Salah, hann handtekinn en síðan sleppt að loknum yfirheyrslum.

Grikkir og Serbar staðfestu einnig að sýrlenskt vegabréf sem fannst nærri líki eins árásmannanna hafi farið í gegn um löndin á leið sinni til Frakklands, leið sem margir flóttamenn fara. Þó er ekki víst að vegabréfið sé ófalsað þar sem stór markaður er fyrir fölsuð sýrlenskt vegabréf. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

### Evrópusambandið boðar mínútuþögn

Leiðtogar Evrópusambandsins hvetja til einnar mínútu þagnar í dag klukkan 12.00 í tilkynningu sem send var út í gær. Tilkynningin er svohljóðandi:

„Evrópusambandinu er alvarlega brugðið og syrgir nú vegna hryðjuverkaárása í París. Árásum var beint gegn okkur öllum. Þessari ógn munum við mæta í sameiningu, með öllum tiltækum ráðum og af vægðarlausri staðfestu.“

Frakkar eru mikil og sterk þjóð. Gildi landsins, frelsi, jöfnuður og bræðralag, voru og eru Evrópusambandinu innblástur. Í dag stöndum við í sameiningu með Frökkum og ríkisstjórn Frakklands. Afleiðingar

þessa skammarlega hryðjuverks verða þveröfugar við ásetninginn að baki því, sem var að sundra, skelfa og sá hatrí.

Hið góða er illskunni yfirsterka. Allt það sem unnt er að gera á evrópskum vettvangi til að tryggja öryggi Frakklands verður gert. Við munum taka til hvaða ráða sem þarf til að sigrast á öfgastefnu, hryðjuverkaögn og hatrí.

Við, íbúar Evrópu, munum öll minnast 13. nóvember 2015 sem sorgardags. Öllum Evrópubúum er boðið að taka þátt í einnar mínútu þögn til minningar um fórnarlömbin á hádegis, mánudaginn 16. nóvember.“

Raf / Bensín  
Ekinn þús. km.  
Myndir á vef  
Dísil  
Fjór hjóladríf  
Metan & bensín  
Sjálfskiptur  
Beinskíptur  
Rafmagnsbíll

**Glaðklakkalegt start**

**Eigendaskipti**



**Renault Clio IV**  
1500 Dynamic

2014 **2.550.000** KR



**Hyundai I30**  
Comfort Wagon

2009 **1.890.000** KR



**Suzuki**  
Grand Vitara

2010 **3.090.000** KR



**Mercedes Benz**  
E 200 Kompressor

2005 **1.690.000** KR



**NOTAÐIR BÍLAR**  
HEKLA

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Das Auto.



Audi



ŠKODA



mitsubishi motors



# PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers

ÓTRÚLEGT  
VERÐ


TILBOÐ Á BLEYJUM  
**1199** kr.  
pakkin

PAMPERS  
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



BLAUTÞURRKUR  
**199** kr.  
pakkin

PAMPERS  
GÆÐABLAUTÞURRKUR



**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.  
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausán greiðslufrest.  
Skráðu þig á [www.netgiro.is](http://www.netgiro.is)

 **Netgíró**  
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland

## NORÐURLÖNDIN



## Sýrlendingar eiga erfitt með að finna störf

**1 DANMÖRK** Sýrlenskir flóttamenn sem flytjast til Danmerkur eiga erfitt með að fóta sig á atvinnumarkaðnum þar í landi. Þetta kemur fram í frétt á vef Jyllands-Posten þar sem vísað er í tölur dönsku Vinnuálagstofnunarinnar. Álitid er að af þeim Sýrlendingum sem komu til Danmerkur á árinu 2013 og fyrri hluta árs 2014 séu færri en 2 prósent komin í starf

## Norska lögreglan hefur rannsakað 24 morðmál

**2 NOREGUR** Það sem af er ári hefur lögreglan í Noregi fengið á sitt borð til rannsókna 24 morðmál og mál þar sem líkamsárásir sem leiddu til dauða. Átta tilfellanna urðu í Ósló en tvö í Bergen, sem er næststærsti bær Noregs. Árið 2014 fékk lögreglan 27 mál á sitt borð en árið 2013 voru þau 42 og 29 árið þar á undan.

## Ráðist á skrifstofur stjórnarflokkanna

**3 SVÍÐJÓÐ** Ráðist var á skrifstofu- byggingar sósíaldemókrata og Græningja í Örebro í Svíþjóð aðfaranótt laugardagsins. Rúður voru brotnar og krotað á vegg. Ulrika Sandberg, talskona Sósíaldemókrata, sagði í samtali við sænska blaðið Expressen að ekki hefði verið ráðist á skrifstofubyggingar annarra flokka. Henrik Karlsson, talsmaður Græningja, sagði að málið hefði verið kært til lögreglu.




VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

HVERNIG VERÐUM VIÐ TILBÚIN FYRIR FRAMTÍÐINA?  
NÝSKÖPUN OG TÆKNI Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Dagskrá vinnustofu á Hótel Hilton í Reykjavík 18. nóvember 2015.  
Skráning á: [www.vel.is/veltek2015](http://www.vel.is/veltek2015)

## MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER 2015.

- 09.00 - 09.30** Skráning.
- 09.30 - 09.50** Nýsköpun og tækni – hvað þarf til?  
Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra kynnis stóru línurnar.
- 09.50 - 10.05** Mikilvægi samstarfs ríkis og sveitarfélaga í nýrri stefnu um nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu.  
Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur.
- 10.05 - 10.30** Nauðsyn nýsköpunar í opinberum rekstri til þess að mæta kröfum framtíðarinnar.  
Juha Leppänen, alþjóðlegur ráðgjafi, Finnland.
- 10.30 - 10.45** Kaffi
- 10.45 - 11.20** Ný stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu – kynning á áherslusviðum.  
Þór Garðar Þórarinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu og Halldór S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.
- 11.20 - 11.30** Hvatning - Listin að skapa.  
Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands.
- 11.30 - 12.30** Vinnustofur um stefnu félags- og húsnæðismálaráðherra á sviði nýsköpunar og tækni.  
**Þátttakendur skipa sér í hópa og rýna stefnuna.**
- 12.30 - 13.10** Léttur hádegisverður. Tónlistaratriði.
- 13.10 - 13.20** Hvatning - Listin að skapa.  
Nemendur í Listdanskóla Ísland.
- 13.20 - 13.50** Vinnustofur – nýjar tillögur – mótun samstarfs um þróun tillagna á sviði velferðarþjónustu.  
Örkygningar á niðurstöðum.
- 13.50 - 14.30** Örkygningar á hugmyndum um íslensk nýsköpunarverkefni á sviði velferðarþjónustu.  
Umsækjendur í áskorun norrænu höfuðborganna fimm í samstarfi við Nordic Innovation um bestu lausnir til að öðlast sjálfstætt líf (The Nordic Independent Living Challenge).
- 14.30 - 15.00** Árinna kennir illur ræðari! Hvernig getum við bætt ræðarann, til að bæta árinna?  
Norrænir straumar í nýsköpun og tækni.  
Bárður Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, Nordic Innovation.
- 15.00 - 15.10** Kaffi
- 15.10 - 15.30** Stuðningur við nýsköpun á Íslandi.  
Elvar Knútur Valsson, viðskiptafræðingur í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- 15.30 - 15.40** „Sky is the limit“ Samantekt.  
Magnús Oddsson, vörubróunarstjóri, Össur.



Formaður Stúdentaráðs HÍ segir helming námsmanna búa í foreldrahúsum eða á Stúdentagöðum. Stór hluti sér ekki fram á að geta keypt fasteign. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ungt fólk fái skattlaust ár

**EFNAHAGSMÁL** „Við höfum áhyggjur af því að fólk festist í viðjum leigumarkaðar og það ná aldrei að verða til eignarmyndun,“ segir Aron Ólafsson, formaður Stúdentaráðs HÍ. Hann heldur erindi á ráðstefnu Reykjavíkurborgar um íbúðamarkaðinn um helgina.

Aron bendir á að helmingur námsmanna búi í foreldrahúsum eða á stúdentagöðum. Samkvæmt könnun Stúdentaráðs sjái 74 prósent nemenda fram á að kaupa íbúð, en af þeim sjái 31 prósent ekki fram á að kaupa íbúð fyrr en að fimm ár eða meira eru liðin frá lokum náms. Einhverjir þeirra geri sér jafnvel ekki í hugarlund hvenær þeir nái að safna fyrir útborgun í íbúð.

Aron nefnir nokkrar lausnir, sem hið opinbera gæti gripið til, í því skyni að hjálpa ungu fólki að eignast íbúð. Í fyrsta lagi að fella niður stimpilgjöld af fyrstu íbúð-

unum. „Það er strax eitthvað,“ segir Aron. Einnig þurfi að endurskoða byggingarregluverkið þannig að hægt sé að smíða íbúðir sem eru fyrir þennan markhóp. „Í dag er skortur á búsetuúrræði fyrir ungt fólk. Þannig að um leið og hægt er að byggja minni íbúðir og hagkvæmari íbúðir er búið að opna á ódýrara byggingarform sem getur þjónustað yngra fólk,“ segir hann.

Aron nefnir líka þá hugmynd að bjóða upp á skattlaust ár fyrir ungt fólk. Hann telur að það gæti haft tvenns konar áhrif. Annars vegar myndi ungt fólk ná að byggja upp eigið fé. Viðskiptabankar gætu stigið inn og boðið upp á bundna reikninga sem tekjuskatturinn yrði greiddur inn á í stað þess að hann færi til ríkisins. „Einnig gæti það leitt til þess að ungt fólk breyti um sýn á það hvernig skattar virka.“ – jhh

**Fundarstjórn:** Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri búsetudeildar Akureyrarbæjar.

Á milli atriða í dagskránni verða örstuttar kynningar á smáforritum (öpp) sem eru að koma eða eru komin á markað og geta gagnast velferðarþjónustunni á Íslandi.

Aðgangur er ókeypis og skráning á vefsíðu velferðarráðuneytisins.

**FRÍTT VERÐMÁT**

**FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR**

<p><b>OPÍÐ HÚS</b> 17. NÓV. KL. 17.30 - 18.00</p> <p><b>DOFRABORGIR 21</b> 112 REYKJAVÍK</p> <p>Einbýli 4 herb Eignin er mjög rúmgóð, 3 stór herbergi. SJÁVARSÝN - AUKA ÍBÚÐ - SJÓN ER SÖGU RÍKARI</p> <p><b>201 fm</b> thordis@fr.is <b>58.900.000 KR.</b> 862 1914</p>	<p><b>OPÍÐ HÚS</b> 18. NÓV. KL. 17.30 - 18.00</p> <p><b>KIRKJUVELLIR 3</b> 221 HAFNARFJÖRÐUR</p> <p>Fjölbýli 3 herb Skemmtileg íbúð í lyftuhúsi á 2 hæð.</p> <p><b>104 fm</b> david@fr.is <b>28.900.000 KR.</b> 897 1533</p>
<p><b>OPÍÐ HÚS</b> 16. NÓV. KL. 17.30 - 18.00</p> <p><b>KÓNGSBAKKI 10</b> 109 REYKJAVÍK</p> <p>Fjölbýli 4 herb Eignin er rúmgóð á 2.hæð í góðu fjölbýli. MIKIÐ ENDURNÝJUD - NÝLEGT ELDHÚS - NÝLEGT BAD</p> <p><b>96.2 fm</b> thordis@fr.is <b>29.300.000 KR.</b> 862 1914</p>	<p><b>OPÍÐ HÚS</b> 17. NÓV. KL. 17.30 - 18.00</p> <p><b>SÓLTÚN 12</b> 105 REYKJAVÍK</p> <p>Fjölbýli 3 herb Falleg íbúð á efstu hæð með tvennar svalir. Stæði í bilageymslu.</p> <p><b>120 fm</b> david@fr.is <b>46.500.000 KR.</b> 897 1533</p>

SKEIFUNNI 17

477 7777 fr@fr.is

www.fr.is

# Hafa skal það sem betur hljómar



**Pioneer**

X-HM21 hljómflutningstæki með dokku fyrir síma eða spjaldtölvu. Til í hvítu og svörtu.

Verð frá: 45.900,-



**Pioneer**

DEH-1800UB Bíltæki FM/LW Geislaspilari/USB/Aux

Verð frá: 18.300,-



**Pioneer**

MJ532 heyrnartól. Samanbrjótanleg. Fáanleg í 4 litum.

Verð: 8.690,-



**Pioneer**

X-HM11 hljómflutningstæki fyrir þá sem vilja einfalt og kraftmikið. Til í silfur og svörtu.

Verð frá: 29.900,-



**Pioneer**

Heimabíomagnarar. Kraftmiklir og ómótstæðilegir.

Verð frá: 55.900,-

**Pioneer**  
XW-LF1-K/W  
2x40mm full range hátalarar m. Dynamic Range Control.



Verð: 29.900,-



**levenhuk**  
Zoom&Joy

Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð. Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bopakann, ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina. Vatnsheldir og níturfylltir frá 14.900,- kr.

Verð frá: 3.990,-



**veho**  
Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.

**TILBOÐ** Verð: 46.900,-

**Pioneer**

dv 2240

**DVD spilari**



Verð: 10.900,-



Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.


Wii U : 69.900,- Leikir frá kr. 4.990,-

**SANGEAN**



WR-15 Borðútlarp. Hágæða hljómurður m. bassatækni. Sterkt loftnet með góðri móttöku. Innbyggð Bluetooth tenging við snjalltæki m. NFC. Falleg „Retro“ hönnun. Aux-in og heyrnartólatengi. Fáanlegt í 5 litum.

Verð 35.900,-



Splatoon

Super Smash Bros

Mario Party 10



Zelda - the windwaker

Super Mario Maker

Lego Jurassic World

**NINTENDO 3DS™**

Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum. Gott úrval leikja.

**XL**

Verð: 39.900,-

